

BJÖRN ÞORSTEINSSON

TÍU ÞORSKASTRÍÐ

1415—1976

SÖGUFÉLAGIÐ

1976

Fjögur þorskastríð

Hafið hefur löngum verið mönnum mikilvæg samgönguleið bæði í stríði og friði og búið yfir óþrjótandi auðlindum. Um Skalla-Grím segir í Egils sögu, að hann lét „sækja útróðra og selveiðar og eggver, er þá voru gnóg föng þau öll, svo rekavið að láta að sér flytja. Hvalkomur voru þá og miklar, og skjóta mátti sem vildi“. Fiskur, selur, hvalur, skelfiskur, söl og salt, sem unnið var úr sjó, voru hlunnindi, sem menn nýttu sér til búdrýginda allt frá upphafi landsbyggðar. Ísland er harðbýlt land, sem hefur sniðið þjóð sinni þröngan vaxtarstakk, en hafið undan ströndum hefur búið yfir ómælisauði. Þar lágu og liggja enn gnægtir góðra hluta, en í 1000 ár skorti Íslendinga að mestu tækni til þess að afla þeirra, og menn horféllu hér þúsundum saman rétt við einhver mestu nægtabúr náttúrunnar. Aðrar þúsundir komu hins vegar siglandi til landsins þöndum seglum og rótuðu upp matvælum rétt undan strönd sveltandi lýðs. Englendingar uppgötvuðu fyrstir framandi þjóða ómælisauð Íslandsmiða, og í veðraham Íslandshafs stæltust þeir til stórræða annars staðar á úthafinu. Landnámi Íslands fylgdu í árdaga fyrstu reglubundnu úthafssiglingarnar í veröldu, en um 1400 hófst nýr áfangi í sögu Íslandshafs. Á 15. öld varð það æfingavöllur sjómannastéttar, sem á næstu öldum lagði undir England lönd og höf. Englendingar voru hér ekki lengi einir um hituna. Þjóðverjar, hollendingar, danir, skotar, spánverjar og frakkar bættust smám saman í hópinn, og það hefur verið barist um Íslandsmið bæði á sjó og landi í allt að 600 ár. Í baráttunni um miðin hefur oltið á ýmsu, eftir því sem stórveldi hafa risið og hnigið og reynt að móta hafréttarreglur með hliðsjón af eigin hagsmunum. Sjálfir hafa Íslend-

ingar sannanlega verið virkir þátttakendur í baráttunni um Íslandsmið allt frá árinu 1419, en sú saga hefur hingað til ekki verið rakin sem skyldi.

Aldarlangar Íslandsferðir.

Fyrir fáum árum gaf ég út rit um 15. öld, ensku öldina í sögu íslendinga. Þar er gerð rækileg grein fyrir þeirri baráttu, sem þá var háð um Íslandsmið, og verður sú frásögn ekki endurtekin hér, heldur stiklað á stóru, uns Hinrik VIII. tók völd á Englandi vorið 1509. Þá voru englendingum bannaðar Íslandsferðir að enskum lögum nema að fengnum leyfum. Samkvæmt beinum heimildum höfðu þeir hafið Íslandssiglingar um 1409, en sennilega nokkru fyrr. Um 1390 óx sigling talsvert til Íslands; þá var farið að sigla á Hafnarfjörð og Þerneyjarsund og skipum fjölgaði, sem lögðu leið sína til Vestmannaeyja, aðalverstöðvarinnar hér við land. Árið 1396 var „veginn Þórður bóndi saklaus í Vestmannaeyjum um nótt, er hann gekk af sæng. Lágu þar 6 skip“ segir Gottskálks annáll, sem mun samtíðarheimild. Í Nýja annál, sem einnig mun samtíðarheimild, stendur við 1397: „Helsleginn Þórður Árnason í Vestmannaeyjum saklaus af útlendum kaupmönnum, er þar komu út, og urðu þar margir aðrir stórir áverkar“. Hugtakið útlendur mun að málvenju þess tíma tákna, að menn væru ekki norskir þegnar, heldur af öðru framandi þjóðerni. Hér hafa verið mikil tíðindi að gerast. Menn voru orðnir ólmir í skreið úti í Evrópu, og einhverjir skreiðarhungraðir kaupahéðnar, líklega enskir, hafa fengið pata af því úti í Björgvin, að Vestmannaeyjar væru auðug verstöð. Hansamenn höfðu herjað og rænt Björgvin 1393 og 1395, svo að rökrétt var að enskir Björgvinjarfarar leituðu uppi skreiðarbúrið á Íslandi. Lítið framhald hefur orðið á þessum Vestmannaeyjasiglingum um sinn, því að hingað barst plágan mikla eftir aldamótin 1400, að líkindum beint sunnan af Englandi, og fældi sæfara frá pestarbælinu um skeið.

Tæknibylting á úthafinu.

Vorið 1408 eða 1409 sáu enskir fiskimenn aftur Ísland rísa úr sæ, og þaðan í frá hafa auðug fiskimið laðað þá hingað norður árlega. Árið 1413 tóku kaupskip að sigla í kjölfar fiskiskipanna, og á næstu árum margfölduðust vöruflutningar til landsins. Siglt var árlega á fleiri hafnir en nokkru sinni fyrr, stórfelldar breytingar urðu á verðlagi íslendingum í hag, og tæknibylting varð í úthafssiglingum. Fyrir 1400 voru súðbyrtir einmöstrungar af víkingaaldargerð í förum til landsins á sumrum, en lágu hér í naustum á vetrum. Þá tók hver leiðangur til Íslands rúmt ár. Eftir 1400 sigldi hingað norður sunnan af Englandi á öllum árstímum fjöldi tví- og þrí-möstrunga með mörgum seglum og voru aðeins nokkra mánuði í leiðangrinum. Á einmöstrungunum hafði sæförum oft veist erfitt að lenda á fyrirfram ákveðnum höfnum, og þeir höfðu óttast mjög strandsiglingar. Á nýju skipunum sigldu menn árvísið á fjölda hafna allt í kringum land, og íslendingar, sem höfðu áður kvartað um trega siglingu til landsins, tóku nú að kvarta undan ágangi og ofbeldisverkum erlendra sæfara. Hér voru heimssöguleg tíðindi að gerast. Úthafssiglingar og fiskveiðar á höfum úti urðu brátt blómlegur atvinnuvegur. Menn höfðu unnið fullan sigur á sjálfu úthafinu og tóku að leggja um það þjóðleiðir, og hin fyrsta lá norður til Íslands.

Fyrsta þorskastríðið 1415—1425.

Allar meiri háttar breytingar á samskiptum manna hafa valdið stríði og styrjöldum. Öll eylönd á Norður-Atlantshafi höfðu byggst frá Noregi á víkingaöld, og töldu Noregs konungar snemma, að þeir hefðu drottinvald yfir því hafsvæði og töluðu um það sem „vort haf“ eða *mare nostrum*. Þar gátu þeir óáreittir hlutast til um siglingar og verslun fyrir 1400, af því að engir aðrir en þegnar norska ríkisins stunduðu

þá úthafssiglingar. Hákon gamli hafði lagt farbann á Ísland 1219 og 1243 og tókst á hendur að sjá um siglingu 6 skipa frá Noregi til Íslands árlega samkvæmt Gamla sáttmála 1262. Ákvæði sáttmálans mun standa rótum bæði í kröfu konungs til drottinvalds á hafinu og flutningaþörf hans á sköttum héðan til Noregs. Við árið 1273 stendur í annál, að konungur hafi játað íslendingum að eiga í hafskipum, og hefur hann því talið sér heimilt að hlutast til um skipaeign og siglingar skattlendinga sinna. Þá höfðu konungar Noregs lengi rekið eins konar einokunarverslun norður á Hálogalandi og Finnmarku, og 1302 var ákveðið með lögum, að útlendingum leyfðist ekki að „flytja sitt góss eða senda norður um Björgvin eða annars staðar til sölu í héraði eða gera félag til Íslands eða annarra skattlanda Noregs konungs“. Þessi fyrirmæli voru ítrekuð 1348, en um þær mundir hlutu björgvinjarkaupmenn einkarétt til verslunar hér á landi. Þeirri verslunareinokun, sem hér ríkti á síðara hluta 14. aldar, er best lýst í skýrslu 1425, en þar segir:

„Öllum útlendingum er bannað með lögum og tilskipunum að viðlögðum missi lífs og eigna að sigla til Íslands og sömuleiðis til Hálogalands og Finnmerkur. Innfæddir menn geta ekki einu sinni siglt til Íslands nema með sérstöku leyfi Noregs konungs. Og ekki geta heldur þeir, sem leyfi hafa fengið, flutt t. a. m. skreið til annarra héraða eða staða en einungis borgarinnar Björgvinjar, en hún er þar (þ. e. í Noregi) aðalstöð skreiðarverslunarinnar. . . . Það hefur alltaf áður verið réttur Noregs konungs að hafa til eigin afnota fjórðungsrými í hverju Íslandsfari hjá öllum, sem hafa fengið konungsleyfi til að sigla til Íslands og þar að auki að taka frjállega 6 fiska af hverju hundraði í Björgvin.“

Norðmenn urðu auðvitað ókvæða við, þegar þessari skipan mála var skyndilega hnekkt með innrás englendinga á hið lokaða haf, „mare clausum“, norsku krúnunnar. Konungur og björgvinjarkaupmenn sáu þegar fram á mikinn tekjumissi, en sátu uppi slyppifengir og gátu lítið að gert.

Árið 1413 bannaði Eiríkur danakonungur af Pommern

íslendingum að versla við erlenda kaupmenn, sem þeir væru ekki vanir að kaupslaga við. Slíkar tilskipanir komu að litlu haldi, því að danir voru ekki flotaveldi enn sem komið var, og þar með var umboðsstjórn þeirra á Íslandi umkomulítill, þegar á reyndi. Konungur varð því að neyta annarra bragða til þess að stöðva þann leka, sem kominn var á skatt- og tollheimtu hans af Íslandi. Haustið 1415 sendi hann erindreka sína til Lundúna, og þar kærðu þeir fyrir herkönginum mikla, Hinriki V., nýuppteknar og löglausar fiskveiðar og verslun englendinga við Ísland og aðrar fiskveiðieyjar Noregskonungs. Þar með hófust milliríkjadeilur um fiskveiðarétt við Ísland; fyrsta þorskastríðið var hafið, og því síðasta er ekki lokið, þegar þetta er skrifað.

Hinrik V. varð í orði kveðnu vel við kærnum mágs síns og bannaði englendingum að sigla til Íslands í eitt ár „nema samkvæmt fornri venju“. Þetta bann var tilkynnt í enskum hafnarborgum, en því var samstundis mótmælt kröftuglega af neðri málstofu enska þingsins.¹⁾ Stjórnin virðist ekkert hafa gert til þess að framfylgja banninu næsta ár, enda mun ensk sigling til Íslands hafa farið stöðugt vaxandi. Íslenskir annálar herma, að árið 1419 hafi 25 ensk skip farist við Ísland í ofviðri á skírdag,²⁾ en annars er fátt vitað um enskan skipafjölda á Íslandsmiðum á 15. öld; helst mætti ætla að þau hafi verið um 100.

Fiskur var aðalútflutningsvara íslendinga um þessar mundir eins og jafnan síðan, en fyrir íslenska skreið hafði aldrei verið mjög góður markaður í Björgvin, því að norðmenn veiddu gnægð af fiski sjálfir. Við siglingar englendinga opnaðist íslendingum nýr og miklu betri markaður fyrir fisk, því að þeir sigldu margfalt betri hafskipum en norðmenn, svo að flutningskostnaður þeirra var miklu minni, enda keyptu englendingar fiskinn á rúmlega 70% herra verði en björgvinjarmenn.³⁾ Englendingar boluðu þeim á skömmum tíma frá verslun við íslendinga. Aldagömul viðskiptabönd Íslands og Noregs rofnuðu því og urðu ekki hnýtt að nýju svo að dygði, og norska veldið hvarf þar með úr sögunni.⁴⁾

Íslendingar fögnuðu frá upphafi kaupsiglingu englendinga, en börðust gegn fiskveiðum þeirra á ýmsan hátt.⁵⁾ Þeir gerðu skarpan greinarmun á kaupmönnum, sem fóru með friði og „réttum kaupningsskap“, og duggurum og fiskurum, sem fóru með ófriði og ræntu miðin. Þeir áttu hér ekki griðland. Í framkvæmd komst sú skipan á, að ensku duggurnar fluttu vöruslatta til landsins, en hlutu að launum fiskveiðiheimild eða „þol“ til fiskveiða.⁶⁾ Konungsvaldið og björgvinjarkaupmenn vildu hins vegar ekki una þeirri skipan, m. a. af því að tollgreiðsla af ensku íslandsversluninni gleymdist. Nýr hirðstjóri, danskur maður, Hannes Pálsson, var sendur hingað og þýskur verslunarerindreki.⁷⁾ Þeir félagar riftuðu tilskipunum íslendinga, sviptu menn embættum og reyndu að skera upp herör gegn englendingum.⁸⁾ Árið 1425 ítrekaði danakonungur bannið við siglingum útlendinga til norskra skattlanda, en englendingar létu ekki skipast við þau boð, tóku hirðstjóra konungs á Íslandi höndum og fluttu þá fanga til Englands.⁹⁾ Þar með lauk Björgvinjarveldinu á Íslandi, og íslendingar losnuðu úr tengslum við norska ríkið, og íslenskir höfðingjar leyfðu sér jafnvel að neita konungshyllum um skeið.

Fyrsta þorskastríðinu lauk því með nýskipan á verslun og fiskveiðum hér við land. Á Íslandi var í framkvæmd opin markaður hverjum, sem þangað sigldi, og fiskveiðar á íslenskum miðum bundnar skilyrðum um vöruflutninga til landsins, en óheimilar aðvífandi, framandi fiskiskipum.

Annað þorskastríðið 1447—49.

Á öðrum fjórðungi 15. aldar voru stöðugar deilur milli ensku og dönsku ríkisstjórnanna út af Íslandi. Englendingar áttu þá löngum mjög í vök að verjast í milliríkjamálum, og til þess að draga úr fjandskap við dansk-norska ríkið setti enska þingið lög 29. sept. 1429 þess efnis, að englendingar, sem girmtust skreiðarkaup, skyldu sigla á skreiðarmarkaðinn í Björgvin, en þar hefði Eiríkur konungur veitt englendingum sömu rétt-

indi og hansamönnunum þýsku.¹⁰⁾ Þessi lög voru ítrekuð með samningi ríkisstjórna 1432 og með enskri tilskipun 1444.¹¹⁾ En ákvæðum þeirra var ekki sinnt, og enska stjórnin hefur haft hærri tekjur af Íslandi en kóngurinn í Kaupmannahöfn. Í enskri aldarfarsbók, *The Libelle of Englyshe Polycye*, sem talin er frá því um 1436, er frægt erindi um Ísland:*

Um Ísland er þarflaus orða gnótt,
 utan hvað skreið er þangað sótt.
 Til heilla á braut og heim um ál
 er heitið á stein og segulnál.
 Frá Byrstofu er skroppið á skammri stund
 og Skarðaborg um hin köldu sund
 og fleyi stýrt undan hrönnum hratt,
 og hafa skulu menn fyrir satt,
 að svo mörg skip hafa siglt í ár,
 að sumra var hluturinn minni en smár.¹²⁾

Árið 1447 lét danakonungur hertaka nokkur ensk skip á Eyrarsundi og neyddi ensku stjórnina á þann hátt til samninga. Vopnahlé var samið 1449 og skyldi standa í tvö ár, en á því tímabili var ákveðið, að enskir kaupmenn skyldu hvorki sigla til Íslands, Hálogalands né Finnmerkur án sérstaks leyfis Noregskonungs.¹³⁾ Þar með gafst dansk-norska stjórnin upp á því að útiloka englendinga algjörlega frá verslun á Íslandi. Eftirtektarvert er, að hvergi er minnst á fiskveiðar í samningi þessum. Hins vegar segir í Lönguréttarbót, sem konungur sendi íslendingum árið eftir, að allir engelskir menn og írskir, sem til Íslands sigldu, skyldu útlægir og friðlausir og skip þeirra og góss upptækt, nema þeir hefðu í höndum siglingaleyfi frá konungi.¹⁴⁾

* Of Yseland to wryte is lytill nede, Save of stokfische; yit for soth in dede Out of Bristow and costis many one, Men have practised by nedle and by stone Thiderwardes wythine a lytet whylle, Wythine xij yeres, Scarborowgh unto the costes colde; And now so fele shippes thys yere there were, That moch losse for unfraught they bare.

Annað þorskastríðið markaði tímamót í íslenskri sögu. Þá tengdist landið danska ríkinu í raun og veru. Kristófer konungur af Bayern uppgötvaði, að hann gat þvingað englendinga á Eyrarsundi til löghlýðni úti á Íslandi.

Þriðja og fjórða þorskastríðið 1467—90.

Eftir aðgerðirnar á Eyrarsundi tók danakonungur að efla umboðsstjórn sína og skattheimtu á Íslandi. Hansasambandið þýska var eina veldið í Norður-Evrópu um þessar mundir, sem gat skákað englendingum við Íslandsstrendur, en Íslandsverslun freistaði enn sem komið var ekki kaupmanna í höfuðstöðvum þess, Lýbiku við Eystrasalt. Norsk skreiðarverslun var í höndum lýbikumanna og virðist hafa fullnægt fiskþörf á meginlandsmarkaðnum. Ef ógjörlegt reyndist að einoka Íslandsverslunina í Björgvín, töldu lýbikumenn hag sínum best borgið með því að beina henni til Englands, en þar ráku hansamenn enga teljandi fiskverslun. Eystrasaltsborgir Hansasambandsins kærðu sig ekkert um að halda Íslandi innan markaðsbandalags Norðurlanda.

Eftir 1449 gátu enskir sæfarar keypt sér leyfi til Íslandsferða, en fæstir hirtu um það formsatriði. Íslandssiglingar urðu því deiluefni sem áður milli ríkisstjórna, og enn var sest að samningaborði 1465. Í samningum, sem þá voru gerðir, segir m. a. að englendingar megi sigla til Íslands að fengnu leyfi danakonungs, en hvorki til Hálogalands né Finnmerkur, nema þeir hreptu hafvillur.¹⁵⁾ Þessi flokkun norsku skattlandanna hefur verið gerð að ósk hansamanna, en þar með var sú staðreynd viðurkennd, að Ísland hafði hlotið sérstöðu innan norska ríkisins.

Englandskonungur staðfesti ekki samninginn 1465, svo að Kristján I. danakonungur nam úr gildi öll siglingaleyfi, sem hann hafði veitt enskum skipum, en englendingar héldu engu að síður til Íslands og drápu hér hirðstjóran, Björn Þorleifsson, vestur í Rífi, og þar með hófst 3. þorskastríðið. Kristján I.

svaraði með því að láta hertaka 7 ensk skip á leið um Eyrarsund 1468¹⁶⁾ og loka sundinu fyrir enskum skipum. Norðurþýskar hansaborgir drógust inn í þennan ófrið, og varð Hamburg brátt athafnasómust við siglingar út hingað.¹⁷⁾ Vopnahlé var samið 1473 með óbreyttu ástandi, sem hélst í 10 ár, en 1484 hófst í rauninni 4. þorskastríðið. Eftir það náðust friðarsamningar 1490, og þá loks var Eyrarsund opnað að nýju fyrir enskum siglingum. Í 22 ár voru englendingar útilokaðir frá verslun og viðskiptum við þjóðir, sem bjuggu við Eystrasalt sökum siglinga sinna til Íslands.

Við friðargerðina í Kaupmannahöfn veitti Hans I. danakonungur englendingum rétt til fiskveiða og verslunar við Ísland, ef þeir keyptu sér þar til áskilin leyfi á 7 ára fresti. Íslendingar létu sig fiskveiðiheimumildina engu skipta og felldu hana niður, þegar þeir staðfestu samninginn um sumarið. Á næstu árum hertu þeir baráttuna gegn erlendum fiskimönnum á Íslandsmiðum bæði með orðum og aðgerðum. Sett voru lög, sem mæltu svo fyrir, að duggarar, sem rækju enga verslun, væru réttlausir, hvar sem þeir næðust.¹⁸⁾ Skjöl ensku tollheimtunnar sýna, að enskir útgerðarmenn hafa yfirleitt virt reglur íslendinga, því að flestar duggur, sem sigldu á Íslandsmið, höfðu meðferðis vöruslatta.

Allar tilraunir dansk-norskra stjórnvalda til þess að beina verslun íslendinga á forna braut til Björgvínjar urðu árangurslausar. Í styrjöldinni eftir 1467 tók danakonungur að efla hansamenn til Íslandsferða, og sendi hingað þýskan höfuðsmann og sjóhetju, Diðrik Þíning, sem flæmdi englendinga úr einstökum höfnum eins og Hafnarfirði, en hamborgarar slógu þar tjöldum. Englendingar sátu ekki lengur einir að verslun á Íslandi, en þeir höfðu þó ekki enn eignast hættulega keppinauta. Kaupmenn í Lýbiku réðu mestu í Björgvín og beittu sér eindregið gegn öllum beinum siglingum milli Íslands og hansastaðanna,¹⁹⁾ og því urðu hamborgarar yfirleitt að sigla með íslensku skreiðina á markað í Englandi allt fram um 1500. Fyrst eftir aldamótin tók íslenskur fiskur að berast í nokkrum mæli á markað í Þýskalandi.

Englendingar höfðu verið að mestu einráðir á Norður-Atlantshafi á 15. öld, uns þeir lentu í 3. þorskastríðinu. Þótt siglinga- og verslunarleiðir lokuðust með ströndum Evrópu sökum styrjalda og sjóræningjar lægju þar fyrir kaupförum við eyjar og annes, hafði englendingum ávallt verið ein leið örugg, og hún lá norður og vestur í haf. Eftir að hansamenn hófu siglingar til Íslands og Diðrik Píning varð hér höfuðsmaður, tók enska stjórnin að efla öryggi Íslandsflotans, gæta þess að sjálfar fiskiduggurnar væru vel búnar að vopnum og vistum og gera út herskip þeim til verndar. Elsta heimildin um flotavernd á Íslandsmiðum er bréf Ríkarðs III. til sjómanna í héruðunum Norfolk og Suffolk frá 23. febrúar 1484. Þá var Íslandsförum boðið að safnast saman í Humbrumynni og bíða þar skipa frá Hull, sem yrðu þeim til varnar, og jafnframt er brynt fyrir skipsstjórnarmönnum að halda vel hópinn bæði á leið til og frá Íslandi.²⁰⁾ Oft verða litlar breytingar á hlutunum, þótt langir tímar líði.

Í 3. þorskastríðinu misstu englendingar Íslandsverslunina að miklu leyti úr höndum sér, en vestur-þjóðverjar, einkum hamborgarar, boluðu þeim burt úr einstökum höfnum eins og Hafnarfirði. Þá urðu þeir að viðurkenna, að þeim væru óheimilar Íslandsferðir bæði til verslunar og fiskveiða nema að fengnum sérstökum leyfum hjá stjórnvöldum dansk-norska ríkisins, og Ísland hlaut sérstöðu innan þess.

Vesturheimsferðir á 15. öld.

Englendingar sigldu á 15. öld tugum og jafnvel á annað hundrað skipum árlega milli Englands og Íslands. Slíkar siglingar voru nýjungar í veraldarsögunni. Nýtt flotaveldi var að rísa á legg, og það sótti vestur fornar víkingaslóðir.

Þjóðverjar hófu siglingar til skosku eyjanna 1416, en Hansasambandið bannaði þær, og banninu var hlýtt. Þar með voru eyjarnar í rauninni framseldar skotum. Þegar þjóðverjar lögðu á úthafið rúmlega hálfri öld síðar, lá leið þeirra til Íslands.

Hvert englendinga hafði borið um þær mundir, veit enginn með fullri vissu, en þó er allöruggt, að þeir hafa verið búnir að sjá strönd Norður-Ameríku rísa úr sæ. Óhugsandi er, að englendingar hafi siglt mörg þúsund sinnum yfir lægðum troðið Norður-Atlantshaf án þess að hreppa svipuð örlög og víkingar forðum, lenda í hafvillum og hrekjast vestur um haf til Grænlands og jafnvel alla leið vestur á miðin við Nýfundnaland. Þeir voru að vísu miklu betur búnir seglum og siglingatækjum en víkingar, en samt sem áður hrepptu skip á 16. öld hafvillur mánuðum saman á Norðurhöfum. Á 4. áratug 16. aldar hrakti tvö siglingavön Hamborgarför af leið í Íslandsferð, annað til Grænlands, en hitt norður í höf, og náði það loks til heimahafnar eftir 18 vikna útivist.²¹⁾ Um 1430 hafa englendingar líklega verið búnir að kanna strendur Nýfundnlands og Labrador, og undir aldamótin höfðu þeir rænt Garða á Grænlandi og þar með eytt síðustu leifum norrænnar búsetu þar í landi. Í þessum löndum hafa englendingar ekki fundið neitt, sem hugur þeirra girntist og þeir gátu ekki aflað með minna erfiði en siglingu vestur um Hvarf á Grænlandi. Menn lögðu alls ekki í leiðangra vestur og norður yfir Atlantshaf á 15. og 16. öld til þess að leita að óbyggðum löndum, heldur auðæfum, verðmætum í einhverri mynd, og þau var ekki að finna norðan Florida-skagans. Spánverjar en hvorki Íslendingar né englendingar fundu gullið í Ameríku.